



Afkoma annars ársfjórðungs 2026

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU ÍSLANDSBANKA

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu annars ársfjórðungs 2026 (2F26)

- Hagnaður af rekstri nam 7,1 milljarði króna á öðrum ársfjórðungi 2026 (2F25: 7,2 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár á öðrum ársfjórðungi var 13,3% á ársgrundvelli (2F25: 13,0%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 15,3 milljörðum króna á 2F26 og hækkuðu um 1,4 milljarða króna samanborið við 2F25.
- Vaxtamunur var 3,4% á 2F26 samanborið við 3,3% á 2F25.
- Hreinar þóknatekjur á 2F26 voru 3,3 milljarðar króna, samanborið við þóknatekjur á 2F25 sem námu 3,6 milljörðum króna.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 94 milljónir króna á 2F26, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 13 milljónir króna á 2F25.
- Stjórnunarkostnaður nam 8,1 milljarði króna á 2F26, en hann nam 7,3 milljörðum króna á 2F25.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 43,1% á 2F26 samanborið við kostnaðarhlutfallið 41,0% á 2F25.
- Virðisrýrnun fjáreigna var neikvæð um 454 milljónir króna á 2F26 samanborið við virðisrýrnun sem nam 402 milljónum króna á 2F25. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var 13 punktar á ársgrundvelli á 2F26 samanborið við -12 punkta á 2F25.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 14,8 milljarða króna á 2F26 og námu 1.416 milljörðum króna í lok 2F26.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 2,4% á 2F26 og námu 1.038 milljörðum króna í lok 2F26.
- Eigið fé nam 211,1 milljarði króna í lok 2F26, samanborið við 225,4 milljörðum króna í lok árs 2025.
- Eiginfjárlutfall var 23,0% í lok 2F26, samanborið við 24,0% í lok árs 2025. Samsvarandi eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 19,1% í lok 2F26, samanborið við 20,1% í lok árs 2025. Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 var 385 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila í lok 2F26, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans sem er að hafa 100-300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Heildarútgreiðslugeta nemur 23,1 milljarði króna og tekur mið af óloknum endurkaupum á birtingardegi.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 18,8% af áhættugrunni, til viðbótar við samanlagða kröfu um eiginfjárauka. MREL hlutfall bankans sem % af áhættuvegnum eignum var 28,5% að meðtöldum samanlögðum varúðarauka samstæðunnar þann 30. júní 2026. Í lok 2F26 var MREL hlutfall bankans 43,9%. Gert er ráð fyrir að ný skilaáætlun fyrir bankann verði samþykkt í október með hækkun á MREL-kröfu í 19,6%, í samræmi við nýjustu niðurstöður SREP-mats bankans.
- Íslandsbanki keypti 57,2 milljón eigin bréf fyrir um 8,2 milljarða króna á 2F26.

Helstu lykiltölur

		2F26	1F26	4F25	3F25	2F25
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	7.069	7.456	5.947	6.901	7.192
	Arðsemi eigin fjár	13,3%	13,6%	10,5%	12,2%	13,0%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,4%	3,9%	2,9%	3,1%	3,3%
	Kostnaðarhlutfall ¹	43,1%	38,5%	43,5%	38,2%	41,0%
	Áhættukostnaður útlána ²	0,13%	0,35%	0,32%	(0,00%)	(0,12%)
		30.6.26	31.3.26	31.12.25	30.9.25	30.6.25
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.416.048	1.401.212	1.367.106	1.333.234	1.331.288
	Eignir samtals, m.kr.	1.788.385	1.786.697	1.728.147	1.734.056	1.696.034
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.043.713	1.049.435	1.033.788	1.084.527	1.084.492
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	1.038.206	1.013.431	968.695	1.008.919	966.075
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	136%	138%	141%	132%	138%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ³	2,6%	2,0%	1,5%	1,6%	1,6%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	126%	123%	127%	129%	125%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	188%	177%	203%	207%	185%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	211.095	212.718	225.359	226.974	224.725
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar 1 ⁴	19,1%	18,6%	20,1%	18,9%	18,5%
	Eiginfjárlutfall þáttar 1 ⁴	20,7%	20,2%	21,7%	19,8%	19,4%
	Eiginfjárlutfall ⁴	23,0%	22,5%	24,0%	21,9%	21,5%
	Vogunarlutfall ⁴	11,7%	11,5%	12,5%	11,9%	12,0%
	MREL hlutfall ⁵	43,9%	40,3%	44,0%	36,8%	36,7%

1. Kostnaðarhlutfall fyrir 4F25 undanskilur launakostnað að fjárhæð 804 milljónir króna vegna snemmbúinna starfsloka og tekjur að fjárhæð 237 milljónir króna innan hreinna vaxtatekna (550 milljónir króna vegna bakfærslu á skuldbindingu sem var gjaldfærð í 3F25 vegna lögfræðilegra mála og gjaldfærslu að fjárhæð 313 milljónir króna vegna leiðréttingar frá fyrri árum). Kostnaðarhlutfall á þriðja ársfjórðungi undanskilur 550 milljón króna varúðarfærslu vegna dóms máls á meðal hreinna vaxtatekna.

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýmunarsjóði.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Að meðtöldum 1F26 hagnaði fyrir 31.3.26 og 3F25 hagnaði fyrir 30.9.25.

5. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samantlagðri kröfu um eiginfjárlauka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Afkoma Íslandsbanka á öðrum ársfjórðungi var traust og í meginatriðum í samræmi við væntingar. Rekstrarhagnaður nam 7,1 milljarði króna og arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 13,3%. Báðar þessar lykilstærðir voru hærri en á sama tímabili í fyrra, en lítillaga undir væntingum greinenda fyrir fjórðunginn.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 10% samanborið við sama fjórðung í fyrra og vaxtamunur bankans var 3,4% á fjórðungnum. Afkoma af kjarnastarfsemi sýnir að undirstöður rekstrarins eru sterkar. Óvissa í alþjóðlegu umhverfi, sveiflur á erlendum mörkuðum og minni umsvif á innlendum fjármagnsmarkaði höfðu hins vegar neikvæð áhrif á þóknatekjur á fjórðungnum.

Rekstur bankans hefur áfram þróast í samræmi við stefnu hans. Á tímabilinu tókum við á móti fjölda nýrra viðskiptavina og eftirspurn eftir nýrri vildarþjónustu bankans hélt áfram að aukast. Jafnframt var góð virkni í skuldabréfa- og hlutabréfamiðlun. Þessar niðurstöður endurspeglar styrk viðskiptasambanda bankans og breidd starfseminnar, og við hlökkum til að byggja áfram á þessum árangri á komandi misserum.

Enn ríkir nokkur óvissa um yfirlýstan ásetning stjórnsvalda um endurskoðun á skattlagningu fjármálafyrirtækja þar sem engar formlegar tillögur hafa enn verið lagðar fram. Skattlagning íslenskra fjármálafyrirtækja er nú þegar hærri en hjá sambærilegum fyrirtækjum á öðrum Norðurlöndum og frekari skattahækkningar gætu dregið úr samkeppnishæfni íslenska fjármálakerfisins.

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram 22. ágúst og er eftirvænting fyrir viðburðinum mikil líkt og undanfarin ár. Mikilvægasti tilgangur hlaupsins er að styðja við söfnun til góðgerðarmála en fyrir mörg félagasamtök er þetta stærsta og mikilvægasta fjáröflun ársins. Frá árinu 2006 hafa alls safnast um 2 milljarðar króna til góðra málefna. Það verður ánægjulegt að sjá miðborg Reykjavíkur fyllast af hlaupurum á öllum aldri, hvort sem markmiðið er að bæta sinn besta tíma eða að njóta dagsins.

Helstu atriði úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2026 (2F26)

- Vildarþjónusta bankans hefur áfram notið mikilla vinsælda. Fjöldi þátttakenda náði 50 þúsundum í júní og er nú kominn yfir 55 þúsund, sem endurspeglar áframhaldandi þátttöku viðskiptavina og vöxt þjónustunnar.
- Þann 20. maí 2026 tilkynnti Seðlabanki Íslands að stýrivextir yrðu hækkaðir um 0,25 prósentustig, upp í 7,75%. Íslandsbanki gerði breytingar á vöxtum á öðrum ársfjórðungi, í kjölfar stýrivaxtarákvörðunar Seðlabankans. Vextir á útlánum, þar á meðal íbúðalánum, voru almennt hækkaðir um 25 punkta á meðan vextir á óverðtryggðum innlánsreikningum voru hækkaðir um allt að 25 punkta.
- Í júní lauk bankinn útgáfu á grænum almennum skuldabréfum til þriggja ára. Útgáfurnar voru að fjárhæð 600 milljónir norskra króna með 78 punkta álagi ofan á millibankavexti í norskum krónum og 1,4 milljarðar sænskra króna með 80 punkta álagi ofan á millibankavexti í sænskum krónum. Andvirði útgáfunnar verður nýtt til fjármögnunar eða endurfjármögnunar grænna útlána, að hluta eða öllu leyti, í samræmi við sjálfbæra fjármögnunarramma bankans. Í tengslum við útgáfuna framkvæmdi bankinn jafnframt kaupþilboð á tilteknum útistandandi skuldabréfum í norskum og sænskum krónum.
- Þann 30. júní 2026 birti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands niðurstöður árlegs mats á áhættu í rekstri kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja (SREP-mat). Samkvæmt niðurstöðunni ber bankanum frá og með 30. júní 2026 að viðhalda 1,8% viðbótarkröfu eiginfjár miðað við áhættugrunn, sem er 0,4 prósentustigum hærra en samkvæmt fyrra mati. Hækkunin felst í útlánaáhættu vegna vaxtar lánasafns utan heimamarkaðar. Heildareiginfjárfkrafa bankans, að teknu tilliti til eiginfjárahauka í árslok 2025, hækkar úr 19,1% í 19,5%.
- Reitun veitti Íslandsbanka framúrskarandi UFS-einkunn á öðrum ársfjórðungi. Bankinn hlaut einkunnina A3 fyrir árangur sinn á sviði sjálfbærni, sem er sama einkunn og bankinn var með fyrir. Matið tekur til þriggja lykilþátta: umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttar.

Afkomuefni

Ítarlegri upplýsingar um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar. Íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Fréttatilkynning þessi gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGLS

Afkomufundur í vefstreymi fimmtudaginn 30. júlí 2026

Íslandsbanki mun halda afkomufund í vefstreymi fyrir fjárfesta og markaðsaðila, fimmtudaginn 30. júlí 2026 kl. 8.30. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu og helstu atriði í rekstri bankans á öðrum ársfjórðungi 2026. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að senda inn skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni verður símanúmer og auðkenni fyrir fundinn afhent.

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka: ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árshlutauppgjörs á eftirfarandi dagsetningu:

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2026 – 29. október 2026

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni verður birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem ítarlegri upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögul tímabil eru einnig aðgengilegar.